

# Þingsályktun

um mótmæli við aukinni losun geislavirkra efna  
frá breskum kjarnorkuendurvinnslustöðvum.

---

Alþingi ályktar að mótmæla harðlega aukinni losun og auknum umsvifum kjarnorkuendurvinnslustöðva í Dounreay og Sellafield sem ógnað geta hreinleika hafsins og nýtingu sjávarauðlinda umhverfis Ísland og ganga gegn alþjóðasamningum, m.a. OSPAR-samningnum um verndun hafrymis Norðaustur-Atlantshafsins.

Alþingi ítrekar jafnframt fyrri mótmæli sín með vísan til þingsályktunar frá 8. febrúar 1988, um mótmæli gegn stækkun endurvinnslustöðvar í Dounreay fyrir úrgang frá kjarnorkuverum, og þingsályktunar frá 17. desember 1993, um viðbrögð vegna starfsleyfis fyrir THORP-endurvinnslustöðina í Sellafield.

---

*Samþykkt á Alþingi 5. júní 1998.*